

Alþingi
Erindi nr. P 127/1011
komudagur 5. 3. 2002

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvísun

4. mars 2002

HJ/01.1

Tilv. 2002020153

Efni: Umsögn um 126. mál

Með bréfi dagsettu 27. febrúar 2002 óskar háttvirt Allsherjarnefnd umsagnar ÁTVR um framvarp um viðvörunarmerki á umbúðum áfengis.

ÁTVR kaupir allt áfengi af innlendum birgjum. Verði frumvarp það, sem hér um ræðir, samþykkt, mun ÁTVR breyta innkaupareglum sínu á þann veg, að vara yrði að vera merkt með lögbundnum varnaðarorðum, þegar hún bærir ÁTVR. Kostnaður við merkingu vöru mun því til að byrja með lenda á birgjum eða framleiðendum.

Skyllt er að vekja athygli háttvirtrar Allsherjarnefndar á þeim kostnaði og því óöryggi í vörumeðferð, sem sérstök auðkenni fyrir íslenskan markað, hafa í för með sér. Markaður hér er mjög lítill í samanburði við þann markað, sem erlendir framleiðendur byggja afkomu sín á. Meðan lögbundið var, að allar umbúðir áfengis skyldu merktar ÁTVR, urðu títt tafir á afhendingu vöru erlendis frá vegna þessara krafna. Þetta varð sérstaklega áberandi eftir að bjórin kom til sögu og taka þurfti tillit til íslenskra sérþarfa á framleiðslustigi dósa. Oft bar þá svo við að varan kom ómerkt og varð ÁTVR úr að bæta. Sum fyrirtæki höfnuðu viðskipum yrðu þau að merkja umbúir sérstaklega. Væri vara þeirra þrátt fyrir þessa afstöðu talin eftirsóknarverð, varð ÁTVR úr að leysa.

Vara sú, er ÁTVR selur, á uppruna sinn i mörgum löndum og kemur frá fjölmörgum framleiðendum. Öruggt má telja að íslenskir birgjar yrðu oft að merkja vöruna sjálfir til að gera hana markaðshæfa. Á ári hverju selur ÁTVR um 28 milljónir sölueininga svo líkur eru á að kalla þyrfti fjölmenni til starfa, þótt aðeins þyrfti að merkja lítinn hluta þessa magns. Kostnaði af merkinu yrði vafalítið bætt við vöruverðið.

Sú hlið þessa máls, sem fyrst og fremst snýr að ÁTVR, er það óöryggi í vörumeðferð, sem samfara er álímingu aðvörunarmiða á erlenda vöru hér á landi. Opna þarf kassa og taka upp sölueiningar til að koma merki á með sómasamlegum hætti. Ytri umbúðir sem einu sinni hafa verið rofnar, þegar þær berast birgðastöð ÁTVR, þykja svo tortryggilegar, að þær eru að jafnaði rofnar aftur og í þeim talið. Það sama gildir i verslunum. Við móttöku frá birgðastöð

SKRIFSTOFUR

STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX 560 7757


www.atvr.is • atvr@atvr.is



er talið í kössum, hafi þeir einu sinni verið opnaðir.

Umsögn þessa má á engan hátt skilja svo að ÁTVR sé andvígt þeim tilgangi, sem ætlað er að ná með aðvörunarmiðum. Með vísan til þess kostnaðar og óþæginda, sem sérstakar merkingar hafa í för með sér, ætti að meta sérstaklega, hvort þeim boðskap, sem á merkimiða er skráður, verði ekki komið á framfæri við barnshafandi konur og ökumenn með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins


Höskuldur Jónsson

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, þskj. 126 - 126. mál.

Frumvarpið snýst um varnaðarmerkingar á áfengisumbúðir þar sem kemur fram að áfengisneysla á meðgöngu geti valdið fösturskaða og að neysla áfengis við akstur dragi úr ökuhæfni.

Áfengis- og vímuvarnaráð styður frumvarpið og tekur undir þær upplýsingar sem koma fram í greinargerðinni.

Þess skal getið að hjá Áfengis- og vímuvarnaráði er um þessar mundir unnið að útgáfu upplýsingabæklings um vímuefni og meðgöngu, sem ætlaður er verðandi mæðrum. Bæklingurinn, sem kemur út í vor, er unninn í samvinnu við Landlæknisembættið, Miðstöð mæðraverndar Heilsugæslunnar í Reykjavík og Sólveigu Jónsdóttur, barna- og taugasálfræðing. Áhersluorð bæklingsins eru: „Landlæknir hvetur barnshafandi konur til að neyta hvorki áfengis né annarra vímuefna.“

Áfengis- og vímuvarnaráð,


Þórgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri

E. s.: Ath. að efst á bls. 2 í greinargerð vantar viðmiðunartölu í eftirfarandi setningu: „Í ritum um efnið er algengast að tíðni þess sé talin vera eitt til þrjú af hverjum...lifandi fæddum börnum meðal vestrænna þjóða.“

BARÓSSÍG 47 - 101 Reykjavík - Sími 585 1470 - VÍMUVERNIR@H.F.IS - WWW.VIMUVERNIR.IS



Alþingi

Erindi nr. P 127/1458
komudagur 25. 3. 2002

Reykjavík, 21. marz 2002.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Heiðraða nefnd !

Bindindissamtökunum IOGT hefur borizt til umsagnar frumvarp til áfengislaga, 126. mál, viðvörunarmerki á umbúðir og þakka samtökin fyrir það tækifæri sem þannig gefst til umsagnar.

Flutningsmenn frumvarpsins færa vönduð og sterk rök fyrir þessari lögleiðingu og leiða fram órækar sannanir fyrir þeirri miklu skaðsemi og hörmulegu afleiðingum áfengisneyzlu sem aðvörunarmerkingarnar taka til.

Öll þekkjum við hinar alvarlegu afleiðingar ölvunaraksturs og s.s. segir í greinargerð hafa rannsóknir leitt í ljós “óbyggjandi sannanir fyrir skaðsemi áfengis fyrir fóstur”. Það er því vonum seinna að hér sé á áberandi hátt varað við og tæpast verður það betur gjört en með slíkum merkingum.

Bindindissamtökin mæla eindregið með samþykkt þessa frumvarps, enda mæla öll rök með löggildingu þess.

F.h. Bindindissamtakanna IOGT

Helgi Seljan
formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1809
komudagur 10. 4. 2002



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

9. apríl, 2002
5A3a


Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
Netfang:
hjukrun@hjukrun.is


Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga, 126. mál, viðvörunarmerki á umbúðir.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp til áfengislaga, 126. mál, viðvörunarmerki á umbúðir.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Herdís Sveinsdóttir, formaður



KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

ADILI AÐ
N.H.F.
OG
A.C.W.W.

Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík - Kennitala 710169-6759 - Sími 552 7430 - Fax 552 7073 - Netfang: kvenfels@centrum.is

Alþingi
Erindi nr. P 127, 2002
komudagur 29. 3. 2002

Reykjavík, 23. mars 2002

Allsherjarnefnd
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Alþingi, 150 Reykjavík

Mál: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998, sbr. lög nr. 8/1999.

Flm: Rannveig Guðmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Steingrímur J. Sigfússon, Magnús Stefánsson, Margrét Frimannsdóttir, Ásta Möller, Þuríður Backmann og Guðjón Á. Kristjánsson.

Umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands

Texti með viðvörðun á allar umbúðir undir áfengi á áberandi stað á vörunum. Samráð verði haft við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Umferðaráð.

Áfengi er viðurkennt ávanabindandi og heilsuspillandi. Það er því sjálfsagt að áfengi sé merkt í samræmi við þau óæskilegu áhrif sem það hefur.

Kvenfélagasamband Íslands er á móti því að áfengi sé selt annars staðar en í búðum Áfengisverslunar ríkisins. Minnt er á að bannað er að unglingar undir lögaldri selji áfengi. Það verður að teljast varhugavert að börn alist upp við það viðhorf að jafnsjálfsagt sé að kaupa í matvöruverslun vínflösku og mjólkina til heimilisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvenfélagasambands Íslands

Helga Guðmundsdóttir
forseti KÍ

Nefndasvið Alþingis,
Hildur Njarðvík, nefndarritari,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

12. mars 2002.
JHA/abj

**Varðandi frumvarp til áfengislaga, 126. mál,
um viðvörðunarkerki á umbúðir.**


Við, lækna á Kvennadeild Landspítala –háskólasjúkrahúss, höfum fengið þetta mál til umsagnar og rætt það á fundi þ. 8. mars sl.

Allir sérfræðingar deildarinnar, sem viðstaddir voru á þessum fundi, voru á einu máli um skaðsemi áfengis fyrir fóstur á meðgöngu. Álit okkar byggist á tiltækum og trúverðugum rannsóknnum, sem gerðar hafa verið.

Margir læknanna voru hlyntir vörumerkingu, eins og lagt er til, út frá reglunni um að „ekki veldur sá er varar annan“. Hins vegar teljum við okkur ekki sérkunnandi eða sérlega til þess fallna að ráðleggja um aðrar hliðar þessa máls.

Með virðingu og þökk fyrir ráðgjafarbeiðni.

f.h. lækna Kvennadeildar
Landspítala háskólasjúkrahúss



Jón Hilmar Alfredsson,
yfir læknir



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)

Alþingi
Erindi nr. P 127/1274
komudagur 1S. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10.
150. Reykjavík

Kópavogur, 14. mars 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga, 126.mál, viðvörunarmerki á umbúðir.

Stjórn Ljósmeðrafélags Íslands hefur fjallað um frumvarp þetta og samþykkir fyrir sitt leiti að áfengi verði merkt með þessum viðvörunum.

Kveðja,
f.h. stjórnar LMFÍ

Ástþóra Kristinsdóttir, formaður



Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Kópavogi 11. mars 2002
50/199/SS/ajr

Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til breytinga á áfengislögum, 126 mál, viðvörunarmerki á umbúðir.

Lögð er til svohljóðandi breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, sbr. lög nr. 8/1999.

“Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal, að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð, sjá til þess að allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, séu merktar á áberandi stað með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman. Texti viðvörunarinnar skal vera á íslensku og vera vel læsilegur.”

Læknafélag Íslands styður frumvarpið með vísan til þess rökstuðnings, sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.

Virðingarfyllt
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127, 1929
komudagur 22.3.2002

Reykjavík, 21.03.2002

Tílv. 18.103

GÁS/gás

Vísað er til erindis hæstvirktrar alsherjarnefndar, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, 126. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að settar verði sérstakar viðvörunarmerkingar á áfengisumbúðir þar sem barnshafandi konum verði gerð grein fyrir að áfengisneysla geti skaðað fóstur og öikumönnum greint frá þeirri hættu sem skapast við að aka undir áhrifum áfengis.

Hér er á ferðinni tillaga sem lýsir ótrúlega mikilli forsjarhyggju. Ennfremur virðist sem flutningsmenn hafi ekki hugleitt hvernig framkvæma á hugmyndina eða leitt hugann að þeim kostnaði sem henni er samfara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að að settar verði merkingar á allar umbúðir áfengis. Samkvæmt upplýsingum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eru seldar tæplega 25 milljónir eininga áfengis á ári hjá fyrirtækinu. Þar er ekki meðtalið það áfengi sem selt er veitingahúsum en sú sala fer ekki í gegnum ÁTVR. Er reyndar ekki ljóst hvort frumvarpið taki til áfengis sem selt er til veitingahúsa.

Frumvarpið er ekki skýrt varðandi það hver beri ábyrgðina á að setja varúðarmerkingarnar á áfengisumbúðir, ÁTVR, framleiðendur eða birgjar. Hver svo sem það verður er ljóst að verulegur kostnaður verður því samfara. Það er ekki nægilegt að prenta miða, einhvern þarf til að opna alla kassa og aðrar ytri umbúðir og festa miðana á umbúðirnar. Erlendir framleiðendur munu ekki annast þessa vinnu í ljósi þess hve hinn íslenski markaður er lítill. Hún mun þar af leiðandi lenda á innflytjendum áfengis. Með því er verið að innleiða mikinn aðstöðumun á milli innflytjenda og innlendra framleiðenda. Innlendum áfengisframleiðendum verður gert auðveldara um vik því þeir geta fyrirframmerkt umbúðir, þannig að framleiðsluferli þeirra raskast ekki. Er því ástæða til að benda á að verið er að leggja til að teknar verði upp tæknilegar viðskiptahindranir gagnvart innfluttum vörur sem mjög líklega kunna að brjóta í bága við EES samninginn.

Í greinargerð með frumvarpinu er meðal annars vísað til þess að merkingar sambærilegar þeim sem hér um ræðir séu á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum. Hér er mjög ólíku saman að




jafna. Það er mjög óraunverulegt að bera saman bandarískan og íslenskan markað og hve auðvelt það er fyrir framleiðendur á bandarískum markaði eiga auðveldar með að aðlaga framleiðslu sína sértækum reglum. Einnig má benda á að í ljósi þeirrar ríku skaðabótahefðar sem er í Bandaríkjunum hafa framleiðendur sjálfir verið iðnir við að setja alls kyns varúðarmerkingar á framleiðsluvörur til að koma í veg fyrir gríðarlegar skaðabótakröfur ef svo skyldi fara að eitthvað færi úrskæðis við meðferð eða neyslu vöru. Þetta á ekki við hér á landi.

Að lokum telja samtökin að upplýsingar þær sem hér er lagt til að verði settar á áfengisumbúðir eigi frekar heima í ökuskólum, á læknastofum, mæðraskoðun og á þungunarprófum. Að nota áfengisflösku sem forvarnarmiðil er ekki rétti grundvöllurinn.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.



VÍMULAUS ÆSKA

FORELDRAHÓPURINN

Alþingi
Erindi nr. P 127/1459
komudagur 25. 3. 2002

Reykjavík, 20. mars 2002

Allsherjarnefnd Alþingis
Reykjavík.

Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75 / 1998, sbr. l ög nr. 8 / 1999.

Stjórn Vímulausrar æsku hefur kynnt sér tillöguna um breytingarnar og er sammála þeim.

Við teljum, að merkja umbúðir undir áfengi sé tímabært

F.h. Vímulausrar æsku

Elísa Wíum, framkvæmdastjóri